

Djassgerður blús

TÓNLIST

Geislalískur

Kvartett Sigurðar Flosasonar: Bláir skuggar ★★★★★

Dimma DIM

Það er stórkostlegt hversu vel hefur tekist að gæða blúsaða tónlist Sigurðar Flosasonar lífi á skífum Bláum skuggum. Það er engu líkara en hljóðverði sé fullt af fólki, en kannski þurfa snillingar eins og þeir sem Sigurður hefur kallað til leiks enga áheyrendur til að fremja galdurinn – aðeins hver annan. Jón Páll Bjarnason er ásamt Gunnari heitnum Ormslev konungur íslensks nútíma djass og Þórir Baldursson er „grúvíð“ sjálft í öllum sínum margbreytilega hita. Pétur Óstlund er svo hrynköngurinn mikli og Sigurður einn hinna fremstu af kynslóðinni er kom til sögunnar á Íslandi um 1980 er fyrrnefndir þremmingar voru allir hljómlistarmenn erlendis.

Pótt hljómar og form blússins séu oft í öndvegi á Bláum skuggum er svo ekki alltaf. Ballóðurnar „G.O.“, eitt af elstu lögum Sigurðar (tileinkað minningu Ormslevs), og eitt hið nýjasta „Bláir skuggar“ eru blúsmettaðar af því að flytjendurnir eru það. Ekki er síðra þegar Sigurður umskrifar gamalkunn verk eins og kreppusönginn „Brother Can You Spare A Dime“ sem nefnist „Kviabryggjublús“ eða „Blues For Alice“ eftir Charlie Parker sem nefnist „Ég hugsa um þig“.

Ómetanleg skífa fyrir alla sem gaman hafa af melódískum djassi, heillandi blús og hugmyndaríkum spuna. Það þarf ekki alltaf að vera að finna upp hjólið og á þessari skífu er það fyrst og fremst hljóðfærleikurinn sem snertir hjartað.

Hiklaust fjögurra og hálfar stjórn skífa fyrir spilamennskuna og stemninguna – og hækjum upp í fimm.

Vernharður Linnet

Fágaðir tónar í fjörlegum búningi

TÓNLIST

Skálholt

Bachsveitin ★★★★★

Ensk leikhústónlist á 17. öld. *Bachsveitin í Skálholti leikur verk eftir Henry Purcell, William Lawes, Simon Ives, Robert Johnson og Matthew Locke. Leiðari: Jaap Schröder. Hljóðritað í Skálholtskirkju 5.-8. ágúst 2002. Upptökustjórn og hljóðvinnsla: Halldór Víkingsson.*

BACHSVEITIN í Skálholti átti 20 ára afmæli á síðasta ári og var hljómdiskur þessi gefinn út af því tilefni. Samleikur sveitarinnar er með besta móti, yfirvegaður og dýnamískur í senn, en Jaap Schröder fiðluleikari leiðir hópin. Samhlómurinn er mjög góður, tónbilin hrein og tær og tempóin skýr. Það er fjörleiki og innlifun í spilamennskunni sem færir tónlistina nær hlustandanum. Efnisvalið er skemmtilegt og mátulega fjölbreytt. Þannig er ríkur heildarsvipur á hljómdisknum en tilbreytingin alltaf til staðar. Áferð upptakanna er þægileg og hljóðblöndunin vel heppnuð, þannig að hver einstakur partur heyrir skýrt en situr á sínum stað í samhlómnum. Umslagið er smekklegt og gerir lifandi og uppfræðandi umfjöllun Jaaps Schröder í bæklingnum efni hljómdisksins enn aðgengilegra fyrir þá sem eru ekki kunnugir tónlistinni eða tímabilinu. Er því sjálfsgætt að mæla með þessum hljómdiski fyrir tónlistarunnendur, bæði þá sem hafa áhuga á að kynna sér þessi tilteknu tónskáld betur og þá sem vilja gæða umhverfi sitt ljúfum og líflegum tónum sem láta þægilega í eyrum.

Ólöf Helga Einarsdóttir

Vistvæn viðleitni

HÖNNUN

Hönnunarsafn

Framhaldslíf hlutanna – vistvæn hönnun Íslands/Sýningaralur á Garðatorgi. 8. til 30. september, opið 14.00-18.00 alla daga nema mánudaga
Sýningarstjóri: Aðalsteinn Ingólfsson
Sýningarhönnun: Massimo Santanicchia

LAUGARDAGINN 8. september var opnuð sýning í sýningarsal Hönnunarsafns Íslands á Garðatorgi í Garðabæ. Sýningin ber yfirskriftina Framhaldslíf hlutanna og vísar í þema sýningarinnar sem er vistvæn hönnun. Í allri lífstillshringiðunni; yfirborðslegri og markaðssettri hönnunarkonungu má kalla það ákveðna dirfsku að hefja vetrastarfið með sýningu þar sem undirtóninn er móralskur boðskapur gegn óheftri neyslumeningu. Á sýningunni er töluverð breidd hluta sem tengjast vistvænum boðskap á ýmsan hátt svo sem hlutir úr endurunnun efni, endurvinnanlegu efni eða endurnýttir hlutir þ.e. að hlutirnir fá nýjan tilgang. Eins og gefur að skilja ef titið er til þemans þá er um samtímahönnun að ræða sem felur í sér boðskap sem sprottinn er úr vitundarvakningu í krugum síðustu aldamót. Slík tímamót kalla gjarnan á kröfu til endurskoðunar og á það að horft verði á þróun til framtíðar.

Stór hluti verkanna á sýningunni er í eigu safnsins og er sýningin þannig ánægjuleg viðleitni til þess að sýna hvað annars frekar ósýnilegt safn hefur að geyma. Eins og fram kemur í texta Aðalsteins Ingólfssonar, forstöðumanns safnsins, í sýningarskrá þá er það markmið sýningarinnar að koma þeim boðskap til leiðar að ekki sé lengur hægt að ræða fagurfræði og nytsemi hönnunar án þess að huga að þeim áhrifum sem hönnunin hefur á umhverfi sitt. Hvort nýr hlutur sé nauðsynleg viðbót eða bara einn enn óþarfinn í öllu kraðaki hlutanna? Eins er sýningunni ætlað að koma því til skila að pótt tekið sé mið af endurnýtingu og umhverfisvernd við hönnun hluta þurfi það ekki að koma



Morgunblaðið/Frikki

Skál úr vínplötum „Sýningin er úthugsuð í heild, áhugaverð í framsetningu og í alla staði vel þess virði að heimsækja,“ segir m.a. í dómmum.

niður á útliti, notagildi né söluvænleika þeirra.

Segja má að sýningin komi boðskapnum ágætlega til skila. Öll umgjörð sýningarinnar vísar á einhvern máta til þemans svo sem sýningarskrá (þriðrotinn A3 einblöðungur) sem er úr endurunnunum pappír, umgjörð sýningar sem er úr endurvinnanlegum viðarplötum og við inngang sýningarsalarins frá Garðatorgi stendur bifreiðin Prius frá Toyota sem er hönnuð með umhverfisvæna tækni að leiðarljósi.

Verk á sýningunni eru bæði íslensk og erlend og hafa allflest komið fyrir sjónir almennings á einn eða annan hátt í bókum, tímaritum, verslunum eða á sýningum svo sem þekkt hönnun frá Alessi, Droog Design verk eftir hina vinsælu Campana bræður, Ikea hönnun og kunnuglegir stólar eftir Óla Jóhann Ásmundsson og Sigurð Gústafsson svo eitthvað sé nefnt.

Það er því ekki hægt að segja að sýningargripirnir komi beint á óvart fyrir utan nokkrar frumgerðir heldur er það er sýningarhönnunin og umgjörðin um verkin sem gera hana

nýstárlega þar sem umgjörðin skapar heildstæða tengingu á milli annars frekar sundurleitra verka og nær að koma tilgangi sýningarinnar og sameiginlegum grunni verkanna á skýran hátt til skila. Hér hefur arkitektinum Massimo Santanicchia með smiðinn Gulleik Lövskar sér við hlíð tekið að tengja hlutina saman á heildrænan hátt með sannfærandi efnisvali og frumlegri umgjörð sem skilar þemanu listlega vel og vekur athygli á þeim vanda sem okkur mannfólkinu stafar af umhverfisspillandi áhrifum. Ef eitthvað mætti gagnrýna við hönnunina er það helst sýningarpallarnir í miðju salarins sem jaðra við „ofhönnun“ og skaga heldur mikið út í rýmið. Hér vakir það sjálfsgætt fyrir hönnuðinum að vege upp á móti ráðandi súlum í miðju salarins. Merking við hlutina er góð og texti upplýsandi en settur fram með hógværd og að sjálfsgöðu prentaður á endurunninn pappír. Sýningin er úthugsuð í heild, áhugaverð í framsetningu og í alla staði vel þess virði að heimsækja.

Elísabet V. Ingvarsdóttir

Handanveruleikinn

MYNDLIST

Safn

Sigurður Guðjónsson

Opið miðvikudag til sunnudaga frá kl.14-18. Sýningu lýkur 7. október. Aðgangur ókeypis.

SIGURÐUR Guðjónsson er listamaður sem tjáir sig í einhverskonar skúlptúr-performans-kvikmyndum í ætt við Matthew Barney og John Bock. En að sama skapi gefur hann sýningarrýminu hlutverk, eins og raunin er með sýningu hans sem nú stendur yfir í Safni. En þar sýnir Sigurður 2 stuttmyndir.

Yfir myndmáli Sigurðar liggur norrænn drungi og dimma sem snertir einhvern óræðan handanveruleika sem er þó samtengdur okkar heimi. Að þessu leyti sækir hann í sterka hefð norræna kvikmynda og malaralistar. Ég nefni dauðamálverk Edwards Munchs og Samals Mikinesar sem dæmi, sem og kvikmyndir Ingmars Bergman, þá sérstaklega *Sjöunda innsiglið* og *Persona*.

Myndin sem er sýnd á neðri hæð Safns heitir „Sárabeð“ og er varpað á tvo veggi hvorn andspænis öðrum þannig að tími og skynjun í rými spila með kvikmyndinni. Sem snertir þá svið listamanna á borð við Douglas Gordon, Zhirin Neshat og Eijla-Lisa Ahtila sem nota jafnan rýmið og klippingar kvikmyndanna þannig að samtal verður á milli mynda eða skjáa svo maður verður gersamlega flæktur inn í atburðarásina út frá rýminu og finnur þá um leið að önnur útfærsla kæmi aldrei til greina.

Nær Sigurður ekki slíkrí staðfestu í innsetningu sinni. Engu að síður nær hann að gefa rýminu aðra virkni en að vera bara staður þar sem kvikmynd er til sýnis.

Á efri hæðinni sýnir listamaðurinn



Sárabeð Myndmál Sigurðar má rekja til dauðamálverka Edvarda Much og Samals Mikinesar sem og kvikmynda Ingmars Bergmans.

svo myndina „Bleak“. En þar tekur hann ólíkt á rýminu og lokar mann fyrir utan það svo myndin sést eingöngu gengum glerhurð, með tilheyrandi filterum. Fyrir vikið nýtur myndin sín ekki sem skyldi. En myndskleiðið virðist fjalla um eitt hvort handanrými þannig að hugmyndalega séð virkar þetta ágætlega.

Sigurður er óneitanlega vaxandi listamaður á hraðri uppleið listrænt séð, pótt hann eigi vissulega ýmislegt eftir ólært, sérstaklega hvað varðar víxláhrif myndar og rýmis. Það sem heillar mig hvað mest við þessi verk Sigurðar er samspil í hrynjandi hljóðs (eða tónlistar) og myndar, en verkin líða áfram eins og myndræn tónverk og sem slík eru þau virkilega vel hugsuð og áhrifamikil.

Jón B. K. Ransu

Líflíkaminn

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

Helgi Gíslason

Opið alla daga frá 10-17. Sýningu lýkur 14. október. Aðgangur 500 kr. Ókeypis á fimmtudögum.

AÐ standa yfir líki gefur manni tilfinningu fyrir lífi með öðrum hætti en venjulega. Eða það er allavega mín reynsla. Jarðlíkaminn liggur blákalður, slakur og virðist sogast með aðdráttaraffli jarðar og ef tilfinningaleg nánd við hinn látna beinir manni ekki í sorg upplifi ég jafnan lotningu fyrir lífinu þar sem ég finn áþreifanlega að eitthvað sem kallast líflíkami, sál eða andi hafi yfirgefið jarðlíkamann sem mér beri þá að kveðja. En kveðjunni fylgja þó jafnan tvær spurningar. Hvert fór líflíkaminn og hvaðan kom hann?

Á sýningu Helga Gíslasonar (f. 1947) í forsal Kjarvalsstaða – Listasafns Reykjavíkur fann ég áþekka tilfinningu og hugleiðingar vöknustu innra með mér er ég gekk á milli lágmynda listamannsins. Mannlíkaminn hefur lengi verið Helga hugleikinn og heldur hann viðteknunum hætti á Kjarvalsstöðum. Fígúrur eru kennislausar og táknmyndir tvístiga á milli trúar og anatómíu eða líkamsbyggingar, s.s. klæði og skálar sem vísa til líkamsþvottar eða syndaaflausnar, stóll (anatómía) og borð á hjólum sem virðist sniðið fyrir lík



Upprisa andans Dauðinn segir okkur ýmislegt um lífið. Eitt verka Helga Gíslasonar á sýningunni.

Jón B.K. Ransu

Ljóðasöngur á hausti

Sólrún Bragadóttir & Gerrit Schuil

Kirkjuholi við Vídalínskirkju, Garðabæ
Laugardaginn 22. september kl. 17:00

MIDAVEYRD, 1000 KR

TÓNLEIKAHÁTÍÐ HAUSTIÐ 2007